Samþykkt á fundi Reykjavíkurráðs ungmenna þann 15. maí 2017:

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur leitað eftir umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna (RRU) um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaraldur), 190. mál. Sjá nánar hér.

Þrátt fyrir að hafa ekki efnilegar athugasemdir við viðkomandi frumvarp ætlar RRU að nota tækifærið og lýsa yfir stuðningi við frumvarpið, m.a. vegna eftirfarandi:

- Ung fólk byrjar að borga skatta 16 ára og finnst að það megi samhliða því hafa um málin að segja.
- Breytingin gæti leitt af sér aukinn áhuga ungs fólks á stjórnmálum en oft er vitundarvakning hjá framhaldsskólanemum varðandi stjórnmál og lækkun kosningaaldurs væri þá í takt við þann aukna áhuga.
- Það má skrá sig í stjórnmálaflokk 15-16 ára (er t.d. 15 ára hjá Samband ungra sjálfstæðismanna) og taka þátt í starfi stjórnmálaflokka og kosningaaldur ætti að fara saman við það.
- Um leið og ungmenni fá að kjósa láta stjórnmálamenn sig málefni ungs fólks frekar varða en þeir myndu annars gera.
- Er í takt við þróunina víða erlendis hjá löndum sem við viljum bera okkur saman við s.s. í Noregi, Eistlandi og Möltu.
- Ungmenni virðast almennt séð mjög hlynnt lækkun á kosningaaldri.
- Það verða alltaf einhver ungmenni sem ekki munu sýna þessu áhuga og kjósa ekki en það gildir líka um fullorðna.
- Hvetur ungenni til að móta eigin skoðun fyrr en annars.
- Ungt fólk hugsar kannski frekar en þeir sem eldri eru til framtíðar og láta sig varða mál sem hafa áhrif á þeirra framtíð og þessi hópur á þess vegna að fá að kjósa.

Með bestu kveðju
Reykjavíkurráð ungmenna
Alex Snær Baldursson, Arndís María Ólafsdóttir, Ebba Kristín Yngvadóttir, Elínborg Una Einarsdóttir, Elísa Björg Tryggvadóttir, Embla Ýr Indriðadóttir, Helena Sif Gunnarsdóttir, Helga Björg Óladóttir, Jóhanna Líf Sigurþórsdóttir, Karitas Bjarkadóttir, Regína Gréta Pálsdóttir, Sigríður Halla Eiríksdóttir, Sindri Smárason og Snorri Freyr Vignisson.

Sent af starfsmanni Reykjavíkurráðs:

Hulda Valdís Valdimarsdóttir
Verkefnisstjóri – fagskrifstofa SFS - frístundamál